

Vinnureglur varðandi meðferð erlendis

Útgáfa dags: 1. júlí 2025.

Greiðslupátttaka Sjúkratrygginga byggist á lögum um sjúkratryggingar, reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar og tannréttingar, samningum Sjúkratrygginga við tannlækna (þ.m.t. umsömdum gjaldskrá) og vinnureglum sem Sjúkratryggingar hafa sett.

Almennar tannlækningar

Lífeyrisþegar og börn geta sótt sér *almenna* tannlæknaþjónustu til annara landa innan EES, Bretlands og Sviss og sótt síðan um endurgreiðslu til Sjúkratrygginga í kjölfarið. Aðrir sjúkratryggðir einstaklingar eiga ekki rétt á greiðslupátttöku Sjúkratrygginga í almennum tannlækningum.

Undir almennar tannlækningar fellur sú meðferð sem almennir tannlæknar geta veitt án umsóknar (sbr. samning Sjúkratrygginga og tannlækna). Þar má nefna skoðun, greiningu, röntgenmyndir (ekki CBCT-myndir), reglulegt eftirlit, tannviðgerðir, rótfyllingar, tannholdslækningar, úrdrátt tanna og laus tanngervi. Tannplantar í tannlausa góma falla ekki hér undir, sjá neðar.

Ávallt er skilyrði að um nauðsynlega meðferð sé að ræða. Þannig er t.d. ekki greitt fyrir úrdrátt tanna ef tennur eru heilar eða ef unnt er að framkvæma viðgerð og beinfesta er til staðar.

Ef um aðra meðferð en almennar tannlækningar er að ræða skal afla samþykkis Sjúkratrygginga fyrirfram.

Tannplantar

Skilyrði fyrir greiðslupátttöku Sjúkratrygginga vegna ísetningar tannplanta í tannlausan góm er að stofnunin hafi samþykkt umsókn um verkið áður en það er unnið. Sjá nánar vinnureglu um tannplanta.

Alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma

Ef um er að ræða meðferð vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma skal afla samþykkis Sjúkratrygginga áður en meðferðin er veitt.